



Norðurland eystra, 12. október 2023

Efni: Umsögn um 181. mál, pósthjónusta (úrbætur á pósthmarkaði).

Hér fyrir neðan má finna umsögn stjórnar SSNE um 181. mál, pósthjónustu (úrbætur á pósthmarkaði).

Stjórn SSNE þakkar fyrir beiðni um umsögn samtakanna um frumvarpið, en málið snertir breytingar á grunnhjónustu við íbúa um allt land. Eins og kemur fram í greinargerðinni er verið að gera nokkuð umfangsmiklar breytingar á pósthjónustu á Íslandi, eða þ.e. verið að rýmka heimildir alhjónustuveitanda umtalsvert til að setja upp bréfastassamstæður fyrir alla móttakendur í þéttbýli.

Stjórn SSNE leggur áherslu á að tryggt verði að sú hjónusta sem kemur í stað núverandi hjónustu verði allavega jafngóð og það sem er í dag, helst betri. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að þessar breytingar verði vel undirbúnar þannig að það sem kemur í staðinn fyrir núverandi hjónustu verði tilbúið til notkunar áður en núverandi hjónusta er lögð niður. Því miður hafa nú þegar komið upp vandamál varðandi innleiðingu bréfastassamstæða í þéttbýli og leggur því stjórn SSNE sérstaka áherslu á að vel verði vandað til verka við innleiðinguna.

Stjórn SSNE vill einnig leggja til að farið verði í þá vinnu að endurskoða lög og reglugerðir með það í huga að hægt verði að nýta til að mynda almenningsamgöngur og félagshjónustu fyrir pósthferðir. Mikilvægt er að þetta kerfi verði hugsað í stærra samhengi með almenna samþættingu á hjónustu í huga.

Fulltrúar SSNE eru ávallt reiðubúin til að eiga samtal við nefndina vegna málsins.

Fyrir hönd stjórnar SSNE,

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri SSNE